

Brjef stjórnarráðsins til biskups um leyfi til lántöku til byggingar Gufudalskirkju og Brjánslækjarkirkju. 93
16. júlí.

Eftir beiðni hlutadeigandi prests Bjarna prófasts Simonarsonar og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi yðar, dagsettu 13. þ. m., samþykkir stjórnarráðið hjermeð, að taka megi lán til þess að byggja kirkjur þessar: til *Gufudalskirkju* alt að 1000 kr., er afborgist með jöfnum greiðslum á 20 árum og til *Brjánslækjarkirkju* alt að 2000 kr., er afborgist með jöfnum greiðslum á 25 árum, og greiðist hvorttveggja lánið af hlutadeigandi prestaköllum að því leyti sem árlegar tekjur kirknanna, hvorrar um sig, hrökkva eigi til þess.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á launakjörum nokkurra presta. 94
17. júlí.

Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefum yðar, dagsettum 12., 15., 24. og 27. f. m. og 11. og 14. þ. m., og beiðni hlutadeiganda, hefir stjórnarráðið fallist á að eftirnefndir prestar frá fardögum síðastliðnum að telja taki laun sín eftir lögum 16. nóvbr. 1907 um laun sóknarpresta.

A. I fyrsta launaflokki (1700 kr.).

1. Sjera Þorsteinn Halldórsson í Mjófjarðarprestakalli.
2. — Þorsteinn Benediktsson í Landeyjaprestakalli.
3. — Magnús Andrjesson í Gilsbakkaprestakalli.
4. — J. V. Hjaltalín í Setbergsprestakalli.
5. — Sigurður Jensson í Flateyjarprestakalli.
6. — Sigurður Stefánsson í Ögurþingaprestakalli.
7. — Eyjólfur Jónsson í Árneprestakalli.
8. — Eiríkur Gíslason í Prestsbakkaprestakalli.
9. — Stefán M. Jónsson í Auðkúluprestakalli.
10. — Árni Jónsson í Skútustaðaprestakalli.*)

B. I öðrum launaflokki (1500 kr.).

1. Sjera Jón Guðmundsson í Norðfjarðarprestakalli.
2. — Magnús Bjarnarson í Kirkjubæjarklaustursprestakalli.
3. — Ólafur Finnsson í Kálfholtsprestakalli.
4. — Kjartan Helgason í Hrunaprestakalli.
5. — Jón Thorsteinsen í Þingvallaprestakalli.
6. — Einar Thorlacius í Saurbæjarprestakalli á Hvalfjarðarströnd.
7. — Hálfán Guðjónsson í Breiðabólstaðarprestakalli í Vesturhópi.
8. — Arnór Árnason í Hvammsprestakalli í Laxárdal.
9. — Hallgrímur Thorlacius í Glaumbæjarprestakalli.
10. — Björn Jónsson í Miklabæjarprestakalli.
11. — Pálmi Þóroddsson í Fellsprestakalli.

*) 200 kr. erfiðleikauppbót.